



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (innheimta, tollar o.fl.).
Ráðuneyti og skrifstofa	Fjármála- og efnahagsráðuneyti; skrifstofa skattamála.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	4. september 2026.

A. Tilefni

Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?

Áformað er að leggja fram frumvarp þar sem lagðar verða til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum á sviði skatta og gjalda. Hér er m.a. um að ræða eftirfarandi atriði:

- Heimild til einfaldari framtalsskila einstaklinga og ungmenna með minni háttar tilfallandi tekjur undir ákveðnu árlegu fjárhæðarmarki ásamt föstu hlutfalli frádráttar frá þeim tekjum.
- Breytingar á ákvæði um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda þar sem óbreyttur b-liður 3. mgr. 57. gr. b laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, kann að fara gegn EES-rétti.
- Afgreiðslufrestur ríkisskattstjóra til að láta uppi bindandi álit lengdur og heimilað verði að senda það álitsbeiðanda rafrænt. Jafnframt verði skýrt að bindandi álit taki til framtíðar álagningar opinberra gjalda ásamt því að tiltaka algengar frávísunarástæður. Þá verði skýrt að lög um bindandi álit taki ekki til ákvarðana töllyfirvalda enda er ákvæði þar um að finna í tollalögum.
- Breytingar á tollflokkanum á rifnum mozzarella osti með viðbættum jurtaolíum sem notaður er við pizzagerð.
- Breytingar á sviði innheimtu opinberra gjalda vegna sameiningar sýslumannsembætta í eitt embætti sýslumanns.
- Endurskoðun á skilyrðum fyrir rekstri tollfrjálsrar verslunar á Akureyrarflugvelli.
- Gjald á nikótínvörur taki mið af styrkleika þeirra.
- Frádráttur frá tekjum einstaklinga og lögaðila vegna framlaga til félaga sem starfa til almannaheilla verði að meginreglu bundinn því skilyrði að um sé að ræða framlög í peningum. Frá því verði þó undanþága vegna sérstakra aðstæðna, s.s. þegar um lækningatæki er að ræða. Jafnframt verði kannað hvort lögfesta beri viðurlög vegna ásetnings eða stórkostlegs hirðuleysis fyrirvarsmanna almannaheillafélaga.
- Breytingar á tilvísunum til laga sem hafa verið uppfærð.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).

Eitt af markmiðum hins opinbera samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. desember 2024 er að hagræða, einfalda stjórnsýslu og sameina stofnanir. Á sama tíma hyggst ríkisstjórnin bæta skattskil, loka glufum og fækka undanþágum í skattkerfinu.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu.

Með fyrirhuguðu frumvarpi er stefnt að því að leggja til ýmsar breytingar á lögum á sviði skatta og gjalda með það m.a. að markmiði að bæta skattskil, loka glufum, fækka undanþágum í skattkerfinu og auka skilvirkni í framkvæmd.

C. Útfærsla
1. Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu. Meginefni fyrirhugaðs frumvarps felur í sér ýmsar nauðsynlegar breytingar á lögum á sviði skatta og gjalda og koma önnur úrræði ekki til greina, sbr. ákvæði 40. og 77. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944. 2. Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar). Á ekki við.
D. Breytingar
Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Sjá A-lið.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Já, að því er varðar ákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Þess verður gætt við samningu frumvarpsins að efni þess og framsetning samrýmist þeim ákvæðum. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Eru önnur lög sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Frumvarpið mun fyrst og fremst snerta framtalsskylda og skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila en einnig stjórnsýslu skattamála. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Samráð hefur verið haft við Skattinn vegna einstaka efnisatriða fyrirhugaðs frumvarps. 4. Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð). Fyrirhugað er frekara samráð við hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir því að áformaskjal og frumvarpsdrög verði birt í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Gert er ráð fyrir því að fyrirhugaðar breytingar áformaðs frumvarps hafi einhver áhrif á tekjur ríkissjóðs. Endanleg niðurstaða liggur hins vegar ekki fyrir í frummati á áhrifum þess. Um er að ræða nauðsynlegar breytingar sem munu m.a. leiða til bættra skattskila, lokunar glufa, fækkunar undanþága og aukinnar skilvirkni í framkvæmd.
H. Gildistaka og næstu skref
1. Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar?

Gert er ráð fyrir að gildistaka áformaðs frumvarps verði 1. janúar 2027. Þegar hefur verið haft samráð við Skattinn vegna einstaka efnisatriða fyrirhugaðs frumvarps. Fyrirhugað er frekara samráð við samningu frumvarpsins en ekki er gert ráð fyrir að langan tíma þurfi til undirbúnings/aðlögunar nýrrar löggjafar.

2. Mælikvarðar á árangur.

Helstu mælikvarðar á árangur breytinga sem gerðar eru á ákvæðum laga eru upplýsingar frá ríkisaðilum og greiningarvinna þeirra gagna í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

I. Annað

Nei.

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.

Já.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.

Nei.